



HRUNAMANNAHREPPUR

47. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 7. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 25. JÚNÍ 2009
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 25. júní kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði upphafi fundar. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að fundargerð 14. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá því fyrr í dag yrði lögð fyrir fundinn. Ásamt tillögu að breytingu á Aðalskipulagstillögu Hrunamannahrepps 2003 – 2015. skv. tölvuskeyti frá skipulagsfulltrúa frá því í morgun. Einnig skýrslu umsjónarmanns Bókasafns Hrunamannahrepps. Einnig hafði sveitarstjóri sent hreppsnefnd gamla samninga tengda Kerlingafjöllum og drög að samþykktum um fráveitur og rotþrær. Samþykkt var að bæta viðbótaefni við fundarefnið. Því næst var gengið til dagskrár sem er eftirfarandi:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Kosning nýs oddvita og varaoddvita.
2. Drög að samþykktum um fráveitu og gjaldskrá í Hrunamannahreppi
3. Samningur ÁSÆLS og Hrunamannahrepps um sæluhús við Fosslæk.
4. Samgönguráðuneytið: Rafræn kosning-tilraunaverkefni.
5. Héraðsnefnd Árnesinga breyting á samþykktum.
6. Tónsmíðja Suðurlands: Ósk um stuðning vegna reksturs.
7. Bændamarkaður: Ósk um stuðning.
8. Lögmenn Suðurlandi: Matsgjörð vegna húsa í Laxárhlið.
9. Ottó Magnússon: V. gróðurhúsa í Laxárhlið
10. Nemendaráð Flúðaskóla: V. stuðningur við ungt fólk.
11. Sambandið: Reglur um skólaakstur til umsagnar
12. Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna
13. Framlenging samnings um Kerlingafjöll
14. Lóðastækkun vegna Ásabyggðar 23 – sjá einnig fundargerð skipulagsnefndar
15. Tillaga að breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 33. fundur Veitustjórnar frá 2. júní s.l. – Fráveitusamþykkt
2. 12. fundur Ferða,menningar- og æskulýðsnefndar frá 3. júní s.l.-
3. 3. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 3.júní s.l. skóladagatal – tillaga að skólaakstri 2009-2010
4. 3. fundur fræðslunefndar v. Leikskóla frá 18. júní s.l.
5. 15. fundur Umhverfis- og samgöngunefndar frá 27. apríl

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps.

1. 13. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 29.maí s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa)
2. 113. fundur Félagsþjónustu í uppsveitum Árnæssýslu frá 5. maí s.l.:
3. 114. fundur Félagsþjónustu í uppsveitum Árnæssýslu frá 2. júní s.l.
4. Bláskógabyggð – v. félagsþjónustu.
5. 14. Fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. júní.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 423. fundur stjórnar frá 7. maí s.l.
- b. SASS: 424. fundur stjórnar frá 12. júní s.l.

- c. SASS: Tilkyning um ársþing 15. og 16. október á Höfn.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 284. fundur frá 6. maí s.l.
- e. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 285. fundur frá 3. júní s.l.
- f. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Minnisblöð frá 4. maí og 2. júní
- g. Fjárfestingarstofan: Staða og horfur.
- h. Sorpstöð Suðurlands: 170. fundur stjórnar frá 30. apríl s.l.
- i. Sorpstöð Suðurlands: 171. fundur stjórnar frá 11. maí s.l.
- j. Sorpstöð Suðurlands: 172. fundur stjórnar frá 27. maí s.l.
- k. Sorpstöð Suðurlands: 173. fundur stjórnar frá 2. júní s.l.
- l. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur frá 3. júní s.l.
- m. Sorpstöð Suðurlands: Kynning á umhleðslu- og flokkunarstöð á Suðurlandi
- n. Sorpstöð Suðurlands: Staðfesting á svæðisáætlun – (skýrsla á netinu og hjá sveitarstjóra).
- o. Sorpstöð Suðurlands: v. stofnunar starfshóps
- p. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 119. fundur stjórnar frá 2. júní s.l.
- q. Skólaskrifstofa Suðurlands: 114. fundur stjórnar frá 11. maí s.l.
- r. Héraðsnefnd Árnesinga: 49. fundur frá 12. maí s.l.
- s. Veidifélag Árnesinga aðalfundur frá 21. apríl s.l.
- t. Ferðamálastofa: Samningur um styrk vegna úrbóta á ferðamannastöðum
- u. Skólahreysti: Bréf dagsett í maí s.l.

Aðrar upplýsingar:

- a. Unglingadeildin Skúli – verkefnaleit.
- b. Félagsmiðstöðin Zero – Ársskýrsla 2008-2009
- c. Umsögn um rekstrarleyfi starfsleyfi Syðra-Langholti
- d. Umsögn um rekstrarleyfi vegna Gistiheimilisins Flúðum.
- e. Fasteignaskrá Íslands: Bréf frá 19. júní s.l. Upplýsingar um fasteignamat.
- f. SVFR: Bændadagar í Stóru Laxá.
- g. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag lögbýlisins Silfurmyri í Hrunamannahreppi.
- h. Fornleifavernd ríkisins – Minjavörður Suðurlands umsögn vegna Silfurmyri.
- i. Hitaveita Grafarhverfis – aðalfundarboð
- j. Alþingi: Nefndarsvið Náttúruverndaráætlun 2009-2013 umsögn.
- k. Sambandið: 763. og 764. stjórnarfundir frá 29. apríl og 22. maí s.l.
- l. Sambandið: Frumvarp til vegalaga
- m. Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ 2009 – bréf frá 28. maí s.l.
- n. ÍSÍ – ályktanir 69. Íþróttapings frá 17.-18. apríl s.l.
- o. BM Vallá – Kostnaðaráætlun v. hugsanlegrar stækkunar íþróttahúss
- p. Samgönguráðuneytið – framlag úr Jöfnunarsjóði v. sérþarfa fatlaðra nemenda.
- q. Umhverfissráðuneytið – höfnun á fráveitustyrk
- r. FOSS: Ályktun aðalfundar frá 7. maí s.l.
- s. Samgönguráðuneytið: Meðferð ársreikninga sveitarfélaga bréf frá 12. maí s.l.
- t. Starfshópur aðila vinnumarkaðarins um efnahags- og atvinnumál.

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Kosning nýs oddvita og varaoddvita.** Þar sem Sigurður Ingi Jóhannsson hefur verið kjörinn Alþingismaður óskar hann eftir því að hætta sem oddviti hreppsins. Lögð var fram tillaga um Ragnar Magnússon sem oddvita sveitarstjórnar til eins árs. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum, tveir sátu hjá. Síðan var lögð fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem varaoddvita til eins árs. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum tveir sátu frá. Nýr oddviti Ragnar Magnússon tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og þakkaði fráfarandi oddvita vel unnin störf.
2. **Drög að samþykktum um fráveitu og gjaldskrá í Hrunamannahreppi.** Oddviti lagði fram og kynnti drög að samþykktum um fráveitu og gjaldskrá til fyrri umræðu. Áður hefur Veitustjórn fjallað um málið og samþykkt. Hreppsnefnd vísar drögunum og gjaldskránni til annarrar umræðu.

3. **Samningur ÁSÆLS og Hrunamannahrepps um sæluhús við Fosslæk.** Oddviti kynnti samning milli Ásæls og Hrunamannahrepps um skálann við Fosslæk. Ásæll hefur endurbyggt sæluhúsið og afhendir Hrunamannahrepp húsið til eignar og útleigu að sumri. Þá afhenti Esther mynd sem hún tók við af forsvarsmönnum Ásæls á aðalfundi félagsins þegar skálinn var formlega afhentur. Ásæll hefur þó afnot af skálanum haust og vetur. Hreppsnefnd samþykkir samninginn.
4. **Samgönguráðuneytið: Rafræn kosning-tilraunaverkefni.** Oddviti kynnti tilraunaverkefni um rafrænar kosningar í næstu sveitarstjórnarkosningum 2010. Bréfið er lagt fram til kynningar.
5. **Héraðsnefnd Árnesinga breyting á samþykktum.** Oddviti kynnti ósk Héraðsnefndar um breytingu á samningi um nefndina og óskar eftir staðfestingu á samningnum með þeim breytingum. Breytingarnar stafa m.a.af sameiningu sveitarfélaga í sýslunni. Hreppsnefnd samþykkir breytingarnar.
6. **Tónsmiðja Suðurlands: Ósk um stuðning vegna reksturs.** Oddviti kynnti beiðni um fjárhagslegan stuðning við Tónsmiðju Suðurlands. Hreppsnefnd vísar erindinu til fræðslunefndar.
7. **Bændamarkaður: Ósk um stuðning.** Oddviti kynnti bréf frá forsvarsmönnum um bændamarkað á Flúðum þeim Hönnu Láru Bjarnadóttur og Esther Guðjónsdóttur um fjárhagslegan styrk til verkefnisins. Hreppsnefnd hafnar erindinu en hvetur umsækjendur til þess að vísa erindinu til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands sem hreppurinn er þátttakandi í. Ester sat hjá við afgreiðslu málsins.
8. **Lögmenn Suðurlandi: Matsgjörð vegna húsa í Laxárhlíð.** Oddviti kynnti matsgjörð Lögmanna Suðurlands vegna Laxárhlíðar. Hreppsnefnd samþykkir matsgjörðina og felur sveitarstjóra að vinna áfram að undirbúningi að stofnun hlutafélags um Heilsuþorp á Flúðum.
9. **Ottó Magnússon: V. gróðurhúsa í Laxárhlíð** Oddviti kynnti bréf frá Ottó Magnússyni þar sem hann óskar eftir gróðurhúsi undir tilraunarækt á grænmeti. Að svo komnu máli getur hreppsnefnd ekki leigt gróðurhúsin í Laxárhlíð til Ottós enda eru húsin í útleigu.
10. **Nemendaráð Flúðaskóla: V. stuðningur við ungt fólk.** Oddviti kynnti bréf frá nemendaráði Flúðaskóla þar sem þau óska eftir að hreppurinn styrki ungt fólk til íþróttar, æskulýðs og menningarstarfa. Hreppsnefnd þakkar bréfið og felur sveitarstjóra að svara bréfinu.
11. **Sambandið: Reglur um skólaakstur til umsagnar** Oddviti kynnti reglur um skólaakstur og óskað er eftir umsögn hreppsnefndar. Hreppsnefnd vísar málinu til fræðslunefndar.
12. **Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna** Oddviti kynnti fundargerðina. Þar voru landgræðsla ríkisins og landgræðslufélag Biskupstungna kynntar, farið yfir skýrslu stjórnar og reikninga félagsins, myndasýning frá starfi liðinna ára og önnur mál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
13. **Framlenging samnings um Kerlingafjöll.** Nokkrir hreppsnefndarmenn hafa nýlega farið í vettvangskonun í Kerlingafjöll. Rekstraraðilar hafa áhuga á að endurnýja og framlengja samning við Hrunamannahrepp varðandi landsvæðið í Kerlingafjöllum. Sveitarstjóra falið að vinna að undirbúningi endurnýjaðs samnings við rekstraraðila.
14. **Lóðastækkun vegna Ásabyggðar 23 – sjá einnig fundargerð skipulagsnefndar** Oddviti kynnti lóðastækkun við Ásabyggð 23. Hreppsnefnd samþykkir að stækka lóðina vísað er til bókunar 14 fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 25. júní 2009. Sveitarstjóra falið að gera nýjan lóðaleigusamning m.t.t. stækkun lóðarinnar.
15. **Tillaga að Aðalskipulagsbreytingu í Hrunamannahreppi 2003-2015:** Lagðar fram að nýju tvær tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015. Tillögurnar eru
 1. Á svæði fyrir frístundabyggð í landi Högnastaða, merkt F25, er gert ráð fyrir að þéttleiki byggðar aukist þannig að heimilt verði að

gera ráð fyrir 30 frístundahúsalóðum í stað 10-15 skv. Gildandi aðalskipulagi.

2. Í landi Grafar innan þéttbýlisins á Flúðum, svæði merkt A13 er gert ráð fyrir að landnotkun breytist úr því að vera íbúðarsvæði í blandaða byggð íbúðar- og þjónustusvæðis. Þá er einnig gert ráð fyrir að afmörkun svæðisins færist nær Litlu- Laxá og stækki þannig úr 5,6 ha í 6,4 ha.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 17. gr. Skipulags- og byggingarlaga var tilkynnt með auglýsingu í Fréttablaðinu dags. 17. Júní sl. að ofangreindar tillögur væru til kynningar frá 18. júní til 24. júní áður en sveitarstjórn tæki þær til formlegrar afgreiðslu. Fram kom að nálgast mætti tillögurnar á skrifstofu sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa auk þess sem þær mætti nálgast á netinu

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögurnar skv. 1. mgr. 17. gr. Skipulags- og byggingarlaga.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 33. fundur Veitustjórnar frá 2. júní s.l. – Fráveitusamþykkt Oddviti kynnti fundargerð 33. fundar veitustjórnar. Á fundinum var farið yfir gjaldskrá vegna fráveitu, samning við Byggð á Brikum vegna stofnlagna og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
2. 12. fundur Ferða,menningar- og æskulýðsnefndar frá 27. Maí. Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar Ferða, menningar og æskulýðsnefndar. Farið var yfir skipulag gönguferða sumarsins, uppsetning skilti við Brúarhlöð, dreifingu gönguleiðakorts, samning Ungmennafélagsins og Hrunamannahrepps og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
3. 3. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 3. júní s.l. - skóladagatal – tillaga að skólaakstri 2009-2010 Oddviti kynnti 3. fund fræðslunefndar á árinu. Farið var yfir skýrslu bókasafnstjóra skýrslu skólustjóra, skóladagatal 2009-2010, skólaakstur og fleira. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
4. 3. fundur fræðslunefndar v. Leikskóla frá 18. júní s.l. Oddviti kynnti 3. fund fræðslunefndar á árinu. Farið var yfir skýrslu leikskólustjóra, skóladagatal og fleira. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
5. 15. fundur Umhverfis- og samgöngunefndar frá 27. apríl. Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar USU nefndar. Nefndin óskar eftir að flýtt verði uppsetningu á skiltum sem banna umferð vélknúinna ökutækja á reiðvegum og vekur athygli á að reiðvegi vantar meðfram nýlögðum vegi við Syðra-Langholt. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 13. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 29. maí s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa) Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð fundar byggingar og skipulagsfulltrúa frá 29. maí sl. Þar er fjallað um sumarhús í Dalabyggð, gripahús á Fossi, Ásabyggð 21 og 23, Ásgarður í Kerlingafjöllum, Högnastaðir deiliskipulag, lóð um golfvöllinn í Ásatúni. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
2. 113. fundur Félagsþjónustu í uppsveitum Árnessýslu frá 5. maí s.l.: Oddviti kynnti fundargerð 113. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
3. 114. fundur Félagsþjónustu í uppsveitum Árnessýslu frá 2. júní s.l. Oddviti kynnti fundargerð 114. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
4. Bláskógabyggð – félagsþjónustu.- v. framkvæmda.
5. 14. Fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. júní s.l. Sigurður Ingi kynnti fundargerðina. Þar er m.a. fjallað um Hlíð, lóð við Grund v. N1, lóð við Ásabyggð 21 og 23, Ásatún skilmálabreyting, deiliskipulag Ásabyggð með minniháttar breytingum, Hverabakki, Grafarbakki lóðamál,

Syðra-Langholt IV Holtabyggð lóðir 101-109 deiliskipulag o.fl.Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 423. fundur stjórnar frá 7. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. SASS: 424. fundur stjórnar frá 12. júní s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. SASS: Tilkynning um ársþing 15. og 16. október á Höfn. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 284. fundur frá 6. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- e. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 285. fundur frá 3. júní s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- f. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Minnisblöð frá 4. maí og 2. júní. Oddviti kynnti minnisblöð.
- g. Fjárfestingarstofan: Staða og horfur. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- h. Sorpstöð Suðurlands: 170. fundur stjórnar frá 30. apríl s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- i. Sorpstöð Suðurlands: 171. fundur stjórnar frá 11. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- j. Sorpstöð Suðurlands: 172. fundur stjórnar frá 27. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- k. Sorpstöð Suðurlands: 173. fundur stjórnar frá 2. júní s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- l. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur frá 3. júní s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- m. Sorpstöð Suðurlands: Kynning á umhleðslu- og flokkunarstöð á Suðurlandi Oddviti kynnti málið.
- n. Sorpstöð Suðurlands: Staðfesting á svæðisáætlun – (skýrsla á netinu og hjá sveitarstjóra). Oddviti kynnti áætlunina.
- o. Sorpstöð Suðurlands: v. stofnunar starfshóps Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- p. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 119. fundur stjórnar frá 2. júní s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- q. Skólaskrifstofa Suðurlands: 114. fundur stjórnar frá 11. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- r. Héraðsnefnd Árnesinga: 49. fundur frá 12. maí s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- s. Veði félag Árnesinga aðalfundur frá 21. apríl s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- t. Ferðamálastofa: Samningur um styrk vegna úrbóta á ferðamannastöðum Oddviti kynnti samninginn.
- u. Skólahreysti: Bréf dagsett í maí s.l. Oddviti kynnti málið.

Aðrar upplýsingar:

- a. Unglingadeildin Skúli – verkefnaleit. Lagt fram til kynningar.
- b. Félagsmiðstöðin Zero – Ársskýrsla 2008-2009 Lagt fram til kynningar.
- c. Umsögn um rekstrarleyfi starfsleyfi Syðra-Langholti Lagt fram til kynningar.
- d. Umsögn um rekstrarleyfi vegna Gistiheimilisins Flúðum. Lagt fram til kynningar.
- e. Fasteignaskrá Íslands: Bréf frá 19. júní s.l. Upplýsingar um fasteignamat. Lagt fram til kynningar.
- f. SVFR: Bændadagar í Stóru Laxá. Lagt fram til kynningar.
- g. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag lögbýlisins Silfurmyri í Hrunamannahreppi. Lagt fram til kynningar.
- h. Fornleifavernd ríkisins – Minjavörður Suðurlands umsögn vegna Silfurmyri. Lagt fram til kynningar.
- i. Hitaveita Grafarhverfis – aðalfundarboð Lagt fram til kynningar.

- j. **Alþingi: Nefndarsvið Náttúruverndaráætlun 2009-2013 umsögn.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Sambandið: 763. og 764. stjórnarfundir frá 29. apríl og 22. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Sambandið: Frumvarp til vegalaga** Lagt fram til kynningar.
- m. **Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ 2009 – bréf frá 28. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- n. **ÍSÍ – ályktanir 69. Íþróttapings frá 17.-18. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- o. **BM Vallá – Kostnaðaráætlun v. hugsanlegrar stækkunar íþróttahúss** Lagt fram til kynningar.
- p. **Samgönguráðuneytið – framlag úr Jöfnunarsjóði v. sérparfa fatlaðra nemenda.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Umhverfissráðuneytið – höfnun á fráveitustyrk** Lagt fram til kynningar. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps mótmælir harðlega þessari afgreiðslu þar sem sveitarfélagið greiðir ríkissjóði fullan virðisaukaskatt af framkvæmdinni. Samkvæmt lögum skal endurgreiðsla ríkisins nema allt að 20% af framkvæmdakostnaði.
- r. **FOSS: Ályktun aðalfundar frá 7. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Samgönguráðuneytið: Meðferð ársreikninga sveitarfélaga bréf frá 12. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Starfshópur aðila vinnumarkaðarins um efnahags- og atvinnumál.** Lagt fram til kynningar.
 - Sveitarstjóri sagði frá formlegri opnun nýs tjaldsvæðis en hreppsnefnd er boðið að vera við þá athöfn kl. 14.00 n.k. laugardag.
 - Sveitarstjóri sagði frá því að mikið væri kvartað yfir síma og netsambandi í dreifbýli í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd hvetur Póst og fjarskiptastofnun til þess að viðurkenna þörf á háhraðatengingum víðar en áætlað nú er.
 - Sveitarstjóri sagði frá því að vefur heimasíðu hreppsins hafi hrunið og er oddvita falið að semja um endurnýjun og uppsetningu heimasíðunnar.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 19.15